

**Mál nr. 461/2012**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. lögboðinnar ábyrgðartryggingar A**  
**Árekstur, ágreiningur um líkamstjón, Orsakatengsl þ.19.2.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.22.10.2012 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Bréf V dags. 8.11.2012.

**Málsatvik.**

Bifreið M var kyrrstæð við umferðarljós þegar A var ekið aftan á hana. M krefst bóta vegna líkamstjóns sem hann telur sig hafa hlotið við áreksturinn. Af hálfu M er hafnað niðurstöðu sem fengin er úr svonefndu PC-Crash forriti og vísar til læknisvottorða sem liggja fyrir í málinu um líkamstjón M, tilgreinda bandarískrar rannsóknar og norrænnar dómaframkvæmdar máli sínu til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og segir að ekkert sjáanlegt tjón hafi orðið á bifreið M nema tjón á varadekksfestingu. Þá vísar V til rannsóknar Aksturs og Öryggis með svokölluðu PC Crash forriti sem sýni að um minni háttar árekstur hafi verið að ræða, en álitnið hefur ekki verið lagt fram við meðferð málsins. Af hálfu lögmanns M er þó vísað til þess með sömu niðurstöðum. Þá bendir V á að M hafi haft bakverki allt frá 1990 og læknisvottorð Júlíusar Valsssonar dags. 30.11.2011 feli ekki í sér neina sönnun enda sé læknirinn fenginn einhliða af lögmanni M. V hafnar því að orsakatengsl séu milli þeirra líkamlegu verkja sem M lýsir og árekstursins þ. 19.2.2010.

**Álit.**

Ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Það sem fram kemur um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gögnin hafa ekki verið lögð fram í málinu og er það galli. En fram kemur bæði hjá lögmanni M og V samsvarandi tilvísun í niðurstöðuna. Þess ber einnig að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrri heilsufar M auk lýsinga á verkjum sem hún er haldin eftir áreksturinn. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirliggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.11.2012.

\_\_\_\_\_  
Rúnar Guðmundsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.